

## Foreldraráð Núps 2014-2015

### 1. fundur 15.10.14

Mættar: Svana Kristinsdóttir, Rebekka Gylfadóttir, Aníta Ólafsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Ingunn Högnadóttir.

1. Svana, leikskólastjóri, fór lauslega yfir skyldur foreldraráðs og þau málefni sem unnið hefur verið að s.l. tvö ár og varða m.a. mat, hljóðvist, girðingu í kringum leikskólann og öryggismál. Þá voru athugasemdakassar við inngang deildanna kynntir.
2. Nýjir meðlimir foreldraráðs höfðu margar spurningar og spunnust góðar umræður m.a. um starfsmannamál, aðbúnað í leikskólanum og ánægju starfsfólks.
3. Ákveðið var að stofna Facebookhóp fyrir foreldraráð, foreldrafélag og aðra foreldra barna á Núpi með það að markmiði að efla starf og samstöðu í þágu leikskólans.
4. Skv. reglum foreldraráðs skal skipa ritara og formann (úr hópi foreldra) á fyrsta fundi. Það var ekki gert formlega en Ingunn Högnadóttir tók að sér ritun fundargerðar fyrir þennan fyrsta fund.
5. Fundartími ákveðinn kl. 16:00 fyrsta miðvikudag, annan hvern mánuð, og oftast ef þurfa þykir. Svana, leikskólastjóri, sér um að boða til funda. Fyrirliggjandi er yfirllestur og samþykkt starfsáætlunar Núps fyrir starfsárið 2014-2015 sem Svana mun senda á meðlimi foreldraráðs á næstu dögum.

Ingunn Högnadóttir ritaði fundargerð fyrir hönd foreldraráðs.